

Samskiptaáætlun
Grunnskóla Hornafjarðar
2026 - 2027



Efnisyfirlit

Stefna Grunnskóla Hornafjarðar í samskiptamálum	2
Uppeldi til ábyrgðar	3
Heillaspor	3
Starfsáætlun samskiptateymis	4
Teymi	4
Fundartímar	4
Hlutverk samskiptateymis	4
Starfsárið	5
Forvarnir	5
Bekkjarfundir	6
Tengslaviðtöl	6
Kennsluáætlun forvarna	7
Viðbragðsáætlun samskipta og eða ofbeldisvanda	7
Hlutverk umsjónarkennara	7
Hlutverk samskiptateymis	7
Hlutverk forsjáraðila	8
Dæmi um inngrip vegna samskiptavanda	8
Áætlun - Verklag	9
Hafa samband við samskiptateymið	9



Stefna Grunnskóla Hornafjarðar í samskiptamálum

Góð samskipti eru forsenda jákvæðs skólasamfélags sem einkennist af virðingu, samvinnu og trausti. Í Grunnskóla Hornafjarðar er lögð áhersla á að skapa öruggt og uppbyggilegt umhverfi þar sem þar sem vellíðan nemenda, starfsfólks og gott samstarf við foreldra er haft að leiðarljósi í daglegu starfi.

Alls staðar þar sem fólk er samankomið geta komið upp vandamál í samskiptum. Því er mikilvægt að vera vakandi yfir samskiptum og líðan nemenda svo hægt sé að grípa fljótt inn í ef grunur leikur á að um samskiptavanda sé að ræða. Með samstilltu átaki heimila, skóla og annarra ábyrgðaraðila er hægt að fyrirbyggja samskiptavanda, ofbeldi og einelti.

Grunnskóli Hornafjarðar starfar eftir uppbyggingarstefnunni uppeldi til ábyrgðar sem miðar að því ýta undir jákvæð samskipti og efla sjálfstæði og ábyrgðarkennd nemenda. Þá er innleiðing hafin á Heillasporum sem byggir á þeim grunni að allir finni til öryggis og vellíðan í skólanum og nýti styrkleika og hæfileika sína til fulls.

Samskiptaáætlun skólans er unnin með það að leiðarljósi að gefa okkur sameiginlegt verkfæri sem auðveldar okkur að stuðla að jákvæðum samskiptum og auka þekkingu barna, starfsfólks og forráðamanna á einkennum samskiptavanda og/eða eineltis.

Mikilvægt er að hlutaðeigandi aðilar viti hvernig skal bregðast og hvert hægt sé að leita eftir stuðningi og aðstoð svo hægt sé að tryggja farsæla úrlausn vandamála. Stefnan veitir skýrar leiðbeiningar um verklag við meðferð mála og áhersla er lögð á að hlusta á raddir allra aðila, nemenda foreldra og starfsfólks. Samskiptaáætlunin styður við eineltisáætlun skólans, starf samskiptateymis og markvissa forvarnarvinnu sem byggir á virðingu, samkennd og fagmennsku.

Með þessari stefnu viljum við tryggja að skólinn sé öruggur vettvangur fyrir jákvæð samskipti, lærdóm og persónulegan þroska. Stefnan er reglulega endurskoðuð í ljósi reynslu og breytinga í samfélaginu.

Samskiptaáætlun skólans er unnin með það að leiðarljósi að unnið sé eftir ákveðnu verklagi þegar upp koma vandamál í samskiptum nemenda.



Uppeldi til ábyrgðar

Uppeldi til ábyrgðar er menntastefna sem byggir á því að kenna börnum og ungmennum að taka ábyrgð á eigin hegðun og gjörðum. Áhersla er lögð á að nemendur læri að bera afleiðingar af eigin vali og þroski með sér hæfni til að taka ábyrgar ákvarðanir.

Stefnan felur í sér að skapa skýr og fyrirsjáanleg viðmið um samskipti og hegðun, þar sem nemendur vita hvað er áskilið af þeim og hvaða afleiðingar fylgja ef reglum er ekki fylgt. Lögð er áhersla á að styrkja jákvæða hegðun og veita nemendum tækifæri til að læra af mistökum sínum í öruggu umhverfi.

Í uppeldi til ábyrgðar er mikilvægt að fullorðnir séu samstíga og styðji nemendur í að þróa með sér sjálfstjórn, virðingu fyrir öðrum og tillitssemi. Markmið stefnunnar er að búa nemendur undir að verða ábyrga þjóðfélagsþegna sem geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir og borið ábyrgð á eigin lífi.

Heillaspor

Heillaspor er heildræn nálgun sem styður við velferð, öryggi og virka þátttöku barna í inngildandi skóla- og frístundastarfi. Með tengslamiðuðum leiðum er skapað öruggt umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að þroskast og ná árangri í námi.

Vörður Heillaspora eru leiðarvísar sem mynda fræðilegan og verklegan grunn. Þær tengja saman þekkingu úr tengsla-, þroska- og áfallafræðum og styðja starfsfólk í að skapa tengslaríkt, öruggt og inngildandi skóla- og frístundastarf. Leiðandi vörður Heillaspora veita sameiginlegt tungumál til að ræða um líðan, hegðun og nám, og beina sjónum að því hvernig við getum byggt upp umhverfi sem nærir skólasamfélagið.

Nálgunin leggur áherslu á að meta þroska hvers barns fyrir sig og stilla kennslu og stuðningi í takt við þroskastig fremur en aldur. Heillaspor leggja ríka áherslu á vellíðan og tengslamyndun um leið og stutt er við þroska og tilfinningalegt öryggi í skóla- og frístundastarfi.



Starfsáætlun samskiptateymis

Teymi

Í samskiptateyminu sitja

- Eygló Illugadóttir - Sérkennari
- Lena Hrönn Marteinsdóttir - Skólafélagsráðgjafi
- Sunna Jónsdóttir - Málsvari nemenda og foreldra
- Erla Þórhallsdóttir - Fulltrúi stjórnenda
- Ólöf Ósk Garðarsdóttir - Fulltrúi kennara

Fundartímar

Samskiptateymið fundar að jafnaði annan miðvikudag í mánuði á starfstíma skóla. Ef tilkynnt er um ný mál eru auka fundir boðaðir eftir þörfum.

Hlutverk samskiptateymis

- Tengslaviðtöl
- Skólapúls
- Forvarnir
- Kynna hlutverk samskiptateymis fyrir starfsfólki
- Gerir áætlanir um úrvinnslu mála
- Skiptir með sér verkum og fylgir eftir áætlunum



Starfsárið

Ágúst	• Samskiptaáætlun yfirfarin og kynnt fyrir starfsfólki
September	• Samskiptaáætlun kynnt foreldrum á foreldrafundi
Október	• Niðurstöður úr skólupúlsinum 6 – 10. Bekkur 1/3
Nóvember	• Tengslaviðtöl • Vinna úr niðurstöðum tengslaviðtala • Niðurstöður úr skólupúlsinum 2 – 5. bekkur 1/1
Desember	• Umsjónarkennarar senda samskiptateymi yfirlit yfir bekkjarfundi
Janúar	• Samskiptateymi skoðar niðurstöður skólupúlsins og kynnir fyrir starfsfólki
Febrúar	• Niðurstöður úr skólupúlsinum 6 – 10. Bekkur 2/3 • Tengslavinna – hefur eitthvað breyst síðan viðtöl voru tekin
Mars	• Niðurstöður úr skólupúlsinum - foreldrar
Apríl	
Mái	• Umsjónarkennarar senda samskiptateymi yfirlit yfir bekkjarfundi
Júní	• Niðurstöður úr skólupúlsinum 6 – 10. Bekkur 3/3

Forvarnir

Skólar og foreldrar gegna lykilhlutverki í forvörnum barna og ungmenna.

Árangursríkar forvarnir snúast ekki um stök erindi eða einstaka fræðsludaga, heldur markvisst og daglegt starf þar sem börn upplifa öryggi, tengsl, stuðning og skýran ramma.

Í skólanum felast forvarnir meðal annars í jákvæðum skólabrag, góðum tengslum við starfsfólk, kennslu í félags- og tilfinningafærni, stuðningi við nám og virkri þátttöku nemenda. Foreldrar sinna mikilvægu forvarnarhlutverki með nærveru, samveru, skýrum mörkum, áhuga á lífi barna sinna og góðum samskiptum við skólann.



Bestur árangur næst þegar skóli, heimili og nærsamfélag vinna saman að því að styrkja börn og ungmenni, efla seiglu þeirra og hjálpa þeim að taka góðar ákvarðanir.

Góðar forvarnir verða því til í daglegu umhverfi barna, með sterkum tengslum, jákvæðum samskiptum, skýrum mörkum og sameiginlegri ábyrgð skóla og foreldra.

Bekkjarfundir

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á því að halda reglulega bekkjarfundi í sínum bekkjum. Bekkjarfundir stuðla að jákvæðum samskiptum, samvinnu og trausti, þjálfanemendur í að tjá skoðanir sínar, hlusta og leysa úr ágreiningi, og markmiðið er að efla bekkjaranda, vellíðan og félagslega hæfni. Bekkjarfundir bæta félagsfærni, styrkja lífsleikni og skapa öruggt umhverfi þar sem allir fá að tjá sig. Þeir stuðla að ábyrgð, trausti og betra námsumhverfi. Æskilegt er að halda bekkjarfund einu sinni í viku í kennslustofum nemenda þar sem þeir eru öruggir. Undirbúningur felst í því að skilgreina markmið, velja umræðuefni og setja reglur. Við framkvæmd er gott að sitja í hring til að tryggja jafnræði og virka hlustun. Í lok fundar er mikilvægt að taka saman helstu atriði og sameiginlegar niðurstöður. Nemendur læra að ræða hugmyndir, hlusta, taka ábyrgð og byggja upp jákvæðan bekkjaranda.

Tengslaviðtöl

Tengslaviðtöl eru tekin við hvern nemenda í Grunnskóla Hornafjarðar í nóvember ár hvert.

Kennsluáætlun forvarna

Er unnið upp úr efni frá umsjónarkennurum eftir bekkjarfundi sem eru fyrir áramót og svo eftir áramót

Viðbragðsáætlun samskipta og eða ofbeldisvanda

Hlutverk umsjónarkennara

Umsjónarkennari er fyrsti tengiliður þegar áhyggjur vakna af samskiptum eða líðan nemanda. Hlutverk umsjónarkennara felur í sér að:



- Vera vakandi fyrir einkennum eineltis og samskiptavanda í bekknum
- Taka á móti upplýsingum frá nemendum, forsjáraðilum eða öðru starfsfólki um mögulegan samskiptavanda eða einelti
- Hafa samband við forsjáraðila allra hlutaðeigandi nemenda og upplýsa um stöðuna
- Kalla saman samskiptateymi ef þörf krefur
- Fylgja eftir aðgerðum sem samskiptateymi leggur til
- Halda reglulegu sambandi við hlutaðeigandi nemendur og forsjáraðila þar til málum er lokið
- Skrá viðtöl og aðgerðir í samræmi við verklag skólans

Hlutverk samskiptateymis

Samskiptateymið leiðir vinnu með viðvarandi eða alvarlegan samskiptavanda, þar á meðan þar sem grunur er um einelti. Hlutverk teymisins felur í sér að:

- Koma saman þegar kallað er til vegna eineltismála eða samskiptavanda
- Meta eðli samskiptavandans og velja viðeigandi úrræði.
- Móta skýra aðgerðaáætlun með tímasettum markmiðum
- Skipta með sér verkefnum og skilgreina ábyrgðaraðila fyrir hverja aðgerð
- Fylgjast með framvindu mála og kalla til frekari fundi eftir þörfum
- Meta hvort þörf sé á utanaðkomandi aðstoð eða stuðningi
- Tryggja að öll skráning fari fram í samræmi við stefnu skólans

Hlutverk forsjáraðila

Forsjáraðilar eru lykilaðilar í vinnu gegn einelti og við úrlausn samskiptavanda.

Hlutverk forsjáraðila felur í sér að:

- Vera vakandi fyrir líðan og hegðun barns síns og tilkynna skólanum ef grunur leikur á einelti eða samskiptavanda
- Mæta í viðtöl og fundi sem skólinn kallar til



- Veita umsjónarkennara og samskiptateymi upplýsingar sem geta varpað ljósi á málið
- Styðja við aðgerðaáætlun skólans og vinna með skólanum að lausnum
- Fylgja eftir ráðleggingum og aðgerðum sem samþykktar eru
- Hafa reglulegt samband við umsjónarkennara um framvindu máls
- Sýna barni sínu stuðning og skilning í gegnum ferlið

Dæmi um inngrip vegna samskiptavanda

- Bekkjarfundir skipulagðir með umræðum um samskipti og félagsfærni
- Starfsfólki gerð grein fyrir málinu og áætlun um úrvinnslu
- Aukin afskipti af hlutaðeigandi aðilum
- Almennur póstur á foreldra bekkjarins um stuðning og mikilvægi jákvæðra samskipta
- Samtal við foreldra barna sem eiga aðild að vandanum
- Aukaleg fræðsla inn í bekk
- Vikuleg viðtöl við t.d. náms- og starfsráðgjafa, skólafélagsráðgjafa, þroskaþjálfara, málsvara eða deildarstjóra

Áætlun - Verklag

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir verklag áætlunar þegar tilkynnt er um samskipta eða eineltismál. Mikilvægt er þó að hafa í huga að slík mál eru misjöfn og því þarf að taka tillit til hvers máls fyrir sig og aðlaga vinnuferlið að því.

1. Tilkynning móttækin
2. Fyrsti fundur samskiptateymis
3. Viðtöl tekin



Grunnskóli Hornafjarðar

4. Annar fundur og aðgerðaáætlun sett
5. Aðgerðir í framkvæmd
6. Mat á árangri
7. Lok máls eða áframhaldandi eftirfylgni

Næstu 3 mánuðir: Eftirfylgni af hálfu umsjónarkennara

Hafa samband við samskiptateymið

Ef þú hefur áhyggjur af samskiptum eða líðan barns hvetjum við þig til að hafa samband.

Hægt er að hafa samband við samskiptateymið

- samskiptateymi@hornafjordur.is
- Hringja í Grunnskóla Hornafjarðar í síma **470 8400**
- **Koma til okkar í skólanum.** Við tökum vel á móti erindum og metum í sameiningu hver næstu skref eiga að vera.